

Þingeyjarskóli auglýsir eftir starfsmanni í blandað starf.

Meðal viðfangsefna er stuðningur við nemendur með náms- og hegðunarvanda, umsjón með félagsmálum nemenda, ritarastörf og fleira sem skólustjóri kann að fela viðkomandi hverju sinni.

Þingeyjarskóli leitar að starfsmanni sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Hefur reynslu af vinnu með börnum og unglíngum
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim
- Hefur gott vald á íslensku í ræðu og riti.

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra. Þingeyjarskóli hefur hafið innleiðingu á agastefnunni Jákvæður agi. Rík tónlistarhefð er við skólann.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Staðan er laus frá og með 15. ágúst 2019

Umsóknarfrestur er til 5. júlí 2019

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólustjóri í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is